

Sp.

680. Breytingartillögur

[179. mál]

við till. til þál. um verndun fiskimiða fyrir Vestfjörðum.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. Tillögugreinina skal orða svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða sem mest má verða setningu reglugerðar um verndun fiskimiða fyrir vestur- og suðvesturströnd landsins, á svæðinu frá Horni að Reykjanesi, á grundvelli laga nr. 44 frá 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og nái verndun þessi jafnlangt á haf út og ákveðið hefur verið varðandi svæðið frá Horni að Langanesi.

2. Fyrirsögn till. skal orða svo: Till. til þál. um verndun fiskimiða fyrir vestur- og suðvesturströnd landsins.